

Nd.

118. Frumvarp

til laga um breyting á lögum nr. 32, 16. des. 1885, um selaskot á Breiðafirði.

Flutningsmaður: Hákon Kristófersson.

2. gr. laganna skal orða svo:

Brot gegn 1. gr. varða sektum og skaðabótum eftir 5., 15. og 16. gr. i tilskipun 20. júní 1849, þó svo, að sektarupphæðin skal nema 50–150 kr. fyrir hvern sel, sem skotinn er, og renna að $\frac{1}{3}$ i sveitarsjóð þar, sem brot er framið, og að $\frac{2}{3}$ til uppljóstrarmanns. Byssan, sem skotið er með, skal og upptæk og andvirði hennar skift eftir sömu hlutföllum milli sömu aðilja.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er flutt samkvæmt ósk ýmsra selalátraeigenda á Breiðafirði. Sektarákvæði þau, sem í gildi eru viðkomandi skotum á sel í

friðlýstum selalátrum, eru orðin svo gömul, að menn hafa fundið til þess, að þau væru orðin öldungis óviðeigandi, þar sem þau eru svo lítil fjáruppbæð, að þau enganveginn geta verið því til fyrirstöðu, að óhlutvandir menn sjái sjer hag í því að brjóta lögin.

Allmörgum jörðum á Breiðafirði fylgja hin svokölluðu selalátur. Þar sem svo stendur á, mun allmikill hluti af verðmæti jarðarinnar, svo og eftirgjald, byggjast á selveiðinni. Það leiðir því af líkum, að rýrnun selveiðinnar á viðkomandi jörðum hefir áhrif á verðmæti þeirra, jafnframt því og hún hefir áhrif á efnahag ábúanda, sem og landsins í heild.

Á Breiðafirði hefir því miður mjög mikið borið á því, að einstöku menn hafa gert allmikið að selaskotum á friðlýstum svæðum, ekki einungis mjög svo nálægt hinum ýmsu selalátrum, heldur oft og tíðum í þeim sjálfum. Selveiðieigendur vilja reyna að sporna við því, að slíkt eigi sjer stað í framtíðinni, og í því skyni er þetta frumvarp, sem fer fram á hækkuð sektarákvæði, fram komið.

Nánar í framsögu.